

Hér er Nína við geysistóra vefmynd, sem hangir á vinnustofu hennar og hún hefur nýlokið við.

hrynja út á götu



Nína stendur hér hjá efnismikilli vefmynd, sem hún hefur gert og má vel telja einkennandi fyrir þann stíl, sem hún hefur valið sér. Fyrir utan garn, snæri og sísal, notar hún nú einnig koparvír í vefinn, sem er á litinn eins og hár listakonunnar.

og eiga heima í húsum eða höllum við Avenue Foch, sem gengur út frá Stjörnutorgi við Sigurbogann. Hefur fólk af þessu tagi veikleika fyrir götunni a tarna og seilist til að kaupa sér íbúðir þar, jafnvel þótt það búi yfirleitt annarsstaðar svo sem Jackie Onassis, sem einusinni var Kennedy. Fransarar hafa annars ágætt heiti yfir svo mikilúðlegar gleðikonur, sem ganga milli olíufursta og annarra, allt eftir því hvað veskin þeirra eru bólgin. Þær eru kallaðar „Les Grandes Horisontales“: Hinar miklu láréttu.

Ætlunin var þó ekki að gera þær að umtalsefni hér en víkja að vist Nínu Gautadóttur hjá Rotschild-barónum og þeim bræðrum. Ættmóðirin var nefnilega hálfpartinn komin í kör, því náttúran lætur þá sem eru svona gasalega ríkir, hrörna til jafns við hina. Þær voru þarna tvær hjúkrunarkonur við að hjálpa þeirri gömlu, hátta hana og klæða — og hátta og klæða hundinn hennar, sem gekk pelsklæddur hvunndags. Þetta var mjög einkennilegur og mjög lokaður heimur, segir Nína, og einu sinni fór yfirþjónninn með hjúkrunarkonurnar í smá skoðunarferð gegnum stofurnar, hvar við blöstu verk eftir Goya og aðra stórmeistara listsögunnar. Það var eins og safn, en safn sem venjulegt fólk lítur aldrei augum.

Í þessari vist var Nína á fjórða mánuð og tók tilhlýðilegum framförum í frönsku og fékk smjörþefinn af París. Þá var ekki annað sýnna en hún legði fyrir sig hjúkrun til frambúðar og með sérnám í huga, brá hún sér til Svíþjóðar. En hún var búin að vera of lengi í París; komin með „blod på tanden“ eins og Danir